

Miðvikudaginn 9. október 1985.

Nr. 129/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Árna Grétari Gunnarssyni og

Hannesi Höskuldssyni

(Barði Friðriksson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn lögum nr. 36/1970 um leigu-bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 3. maí 1985. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar, þó svo, að ákærðu verði aðeins sakfelldir fyrir flutning á helmingi þess kísilgúrs, sem útskipað var á tilgreindum útskipunardögum á tímabilinu 1.-25. september 1984.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. ágúst 1985.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, eru ákærðu stjórnarmenn og framkvæmdastjórar Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f. Tilgangur þess félags er „að reka vöruskemmu, annast móttöku, geymslu og útskipun á kísilgúr, skipaafgreiðsla, smíði vörupalla o.fl. Auk þess umboðs- og heildsala af ýmsu tagi. Einnig almenn verktakastarfsemi.“ Hinn 18. ágúst 1984 gerði félagið sem verktaki verksamning við Kísiliðjuna h/f um móttöku, geymslu og útskipun á tilteknu magni af kísilgúr á ári á Húsavík, og er þessu nánar lýst í héraðsdómi. Fyrir verk þetta í heild skyldi Kísiliðjan h/f greiða verktakanum 170 til 190 krónur fyrir hvert tonn af kísilgúr, sem afskipað yrði frá Húsavík. Fyrir flutning á kísilgúrnum frá vörugeymslu við skipshlið notaði verktakinn eigin vörubifreiðar nema í september 1984, þegar einnig voru notaðar vörubifreiðar frá Bifreiðastöð Húsavíkur. Eftir því, sem fram er komið, notaði Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f vörubifreiðar sínar eingöngu í eigin þágu.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, var flutningur kísilgúrsins frá vörugeymslu að skipshlið aðeins einn þáttur í verki Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f fyrir Kísiliðjuna h/f. Ekki var greitt sérstakt gjald fyrir þennan flutning, heldur var gjald fyrir hann innifalið í heildargjaldi fyrir allt verkið. Verður ekki talið, að með þessu hafi Skipaafgreiðslan stundað „leiguakstur á vörubifreiðum,“ sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970. Ber því að sýkna hina ákærðu af refsikröfum ákæruvalds.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, eins og nánar er greint í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Árni Grétar Gunnarsson og Hannes Höskulds-son, eigi að vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði, Þórarins V. Þórarinssonar lögfræðings, 6.000,00 krónur, og skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Barða Friðrikssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Húsavíkur 10. apríl 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 10. apríl, var í sakadómi Húsavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í Húsavík af Sigurði Briem Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 482/1984: Ákæruvaldið gegn Árna Grétari Gunnarssyni og Hannesi Höskuldssyni, sem dómtekið var 21. mars sl.

Mál þetta er höfðað samkvæmt ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. janúar 1985, gegn Árna Grétari Gunnarssyni, Garðarsbraut 77, Húsavík, og Hannesi Höskuldssyni, Garðarsbraut 41, Húsavík, báðum stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f, fyrir brot á lögum um leigubifreiðar nr. 36/1970, sbr. reglugerð um hámarkstölu vörubifreiða í Húsavík nr. 85, 1961, með því að hafa í nafni fyrrgreinds hlutafélags, sem ákærðu þann 11. ágúst 1984 stofnuðu til með eiginkonum sínum og tveimur öðrum aðiljum, og með verksamningi við Kísiliðjuna h/f, dagsettum 18. ágúst 1984, tekið að sér leiguakstur utan vörubifreiðastöðvar, en meðal verkþátta samkvæmt greindum verksamningi var flutn-

ingur með vörubifreiðum, eign Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f, á kísilgúr í eigu Kísiliðjunnar h/f frá vöruskemmu Kísiliðjunnar h/f á Húsavík að skipshlið til útskipunar.

Á tímabilinu september-desember 1984 eru ákærðu sem fyrirsvarsmenn Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f sóttir til saka fyrir að yfirtaka flutning á kísilgúr við eftirgreindar 30 útskipanir, en fram til þess tíma hafði Bifreiðastöð Húsavíkur annast sams konar flutninga samkvæmt kvaðningu hverju sinni.

<i>Útskipunardagur:</i>	<i>Magn kísilgúrs:</i>	<i>Nafn skips:</i>
1. september	259.752 kg	Esja
5. “	205.128 “	Hekla
7. “	275.814 “	Esja
10. “	366.291 “	Askja
14. “	419.628 “	Hekla
18. “	228.690 “	Askja
22. “	278.586 “	Hekla
25. “	174.636 “	Esja
30. “	322.543 “	Hekla
2. október	219.864 “	Askja
6. “	33.264 “	Hekla
8. “	301.938 “	Esja
31. “	577.260 “	Esja
1. nóvember	607.194 “	Hekla
3. “	415.806 “	Askja
8. “	360.360 “	Hekla
10. “	389.763 “	Askja
12. “	132.363 “	Esja
16. “	342.156 “	Askja
20. “	139.986 “	Esja
24. “	399.168 “	Askja
27. “	266.805 “	Hekla
1. desember	255.301 “	Esja
5. “	267.498 “	Hekla
8. “	309.078 “	Esja
11. “	309.771 “	Askja
15. “	176.376 “	Hekla
18. “	275.529 “	Esja
21. “	330.969 “	Askja
29. “	525.789 “	Esja
30 útskipanir	9.167.308 kg	

Af framangreindu heildarmagni var 6.139.078 kg ekið á bifreiðum að skipshlið, en 3.028.230 kg var gámaflutningur.

Brot ákærðu teljast varða við 5. gr., 1. og 2. mgr., sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga um leigubifreiðar og ákvæði reglug. um hámarkstölu vöru-bifreiða í Húsavík nr. 85, 1961, sbr. 13. gr. laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi ákærðu hefur krafist þess, að hinir ákærðu verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins og að sér verði dæmd málsvarnarlaun.

Ákærði Árni Grétar Gunnarsson er fæddur 19. október 1955 á Húsavík og hefur sætt refsingum sem hér segir:

1976, 3/9 í Þingeyjarsýslu: Sátt, 15.000,00 kr. sekt f. brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur öku-leyfi í 6 mánuði frá 3/9 1976.

Ákærði Hannes Höskuldsson er fæddur 8. september 1956 á Húsavík og hefur ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir.

Hinn 27. september sl. kærði stjórn Bifreiðastöðvar Húsavíkur yfir því, að Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f, Húsavík, hefði notað eigin bíla við akstur á kísilgúr frá vöruskemmu fyrirtækisins á Húsavík að skipshlið. Hefði fyrirtækið notað einn til tvo af eigin bílum við útskipun og hefði vinna bifreiðastjóra á Bifreiðastöð Húsavíkur minnkað að sama skapi.

Bifreiðastjórar frá Bifreiðastöð Húsavíkur hefðu frá því að Kísiliðjan h/f hóf starfsemi sína á Húsavík alltaf séð um umræddan akstur og teldu þeir því hér hafi verið brotin ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970.

Fyrirtækið Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f var stofnað hinn 11. ágúst 1984. Í 3. gr. samþykktu félagsins segir svo m.a.:

„Tilgangur félagsins er að reka vöruskemmu, annast móttöku, geymslu og útskipun á kísilgúr, skipaafgreiðsla, smíði vörupalla o.fl. Einnig almenn verktakastarfsemi“

Stjórn félagsins skipa skv. tilkynningu til hlutafélagskrár hinn 20. ágúst 1984: Árni G. Gunnarsson, Garðarsbraut 77, Húsavík, formaður, og meðstjórnendur Hannes Höskuldsson, Garðarsbraut 41, Húsavík, og Stefán S. Stefánsson, Sólbrekku 4, Húsavík.

Framkvæmdastjórar og prókúruhafar eru Árni G. Gunnarsson og Hannes Höskuldsson.

Samkvæmt upplýsingum formanns félagsins seldi Stefán S. Stefánsson hlut sinn í fyrirtækinu sl. haust.

Hinn 18. ágúst 1984 gerðu Kísiliðjan h/f í Skútustaðahreppi og Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f sem verktaki verksamning um móttöku, geymslu og útskipun á allt að 30.000 tonnum og ekki minna en 19.000 tonnum af kísilgúr á ári á Húsavík.

Í 4. gr. samnings segir svo m.a.:

„Útskipun.

a) Verktaki skal sjá um útskipun kísilgúrs á Húsavík, þ.e. koma vör-
unum frá vöruskemmu í lyftu eða krók eða annan þann búnað, sem skip
hafa til móttöku vörunnar.

b) Eigi kísilgúrinn að flytjast í gámum, skal verktaki sjá um að hlaða
gámana og koma þeim að skipshlið“

Í 8. gr. samningsins eru síðan ákvæði um greiðslu fyrir verkþætti og
þjónustu sem Kísiliðjan h/f greiðir verktaka.

Vitnið Skarphéðinn Jónasson, formaður Bifreiðastöðvar Húsavíkur,
skýrði svo frá fyrir dómi, að bifreiðastjórar frá Bifreiðastöð Húsavíkur
hefðu frá upphafi annast flutningana á kísilgúrnum frá vöruskemmu Kísil-
iðjunnar h/f á Húsavík og fram til þess tíma að Skipaafgreiðsla Húsavíkur
h/f tók að sér flutningana í septembermánuði sl. með sínum eigin bílum.

Þá upplýsti vitnið, að í september hefði jafnframt eitthvað verið notaðar
bifreiðar frá Bifreiðastöð Húsavíkur ásamt bifreiðum Skipaafgreiðslunnar,
en hinn 25. september hefði því alveg verið lokið.

Vitnið Hreiðar Sigurjónsson, stjórnarmaður í Bifreiðastöð Húsavíkur,
skýrði frá á sama hátt fyrir dómi, að frá upphafi hefðu bifreiðarstjórar
frá B.H. annast þessa flutninga á vörubifreiðum sínum, en 1. september
1984 hefði Skipaafgreiðslan tekið að sér þessa flutninga. Þá staðfesti vitnið,
að í september hefðu bifreiðar frá B.H. verið notaðar við útskipun á kísil-
gúrnum en síðan ekki meir.

Hinir ákærðu skýrðu svo frá fyrir lögreglu:

„Það var í ágúst sl. sem við gerðum samning við Kísiliðjuna h/f., fyrir
hönd Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f, um móttöku, geymslu og útskipun
á kísilgúr. Samningurinn tók gildi 1. sept. sl. og var samið um heildar-
greiðslu fyrir alla þessa verkþætti.

Festi fyrirtækið kaup á tveimur vörubifreiðum fyrir starfsemi fyrirtækis-
ins og hafa þeir verið notaðir við útskipun á kísilgúr, flutning á sýru frá
Húsavík til Kísiliðjunnar og enn fremur til annars aksturs í þágu fyrirtækis-
ins.

Við teljum okkur vera í fullum rétti til að nota bíla fyrirtækisins við
útskipun á kísilgúr, þar sem við teljum að hér sé um verktakastarfsemi að
ræða og útskipun bara hluti af stærra verki, sem við höfum gert samning

um. Því teljum við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970, ekki eiga við í þessu tilfelli þar sem verktakastarfsemi heyrir ekki undir þau lög

Við viljum taka fram, að við teljum okkur ekki skuldbundna til að nota vörubíla frá Bifreiðastöð Húsavíkur við útskipun á kísilgúr og óbundna af samkomulagi sem hugsanlega hefði verið milli Kísiliðjunnar og Bifreiðastöðvarinnar eða hefð á því að nota bíla frá Bifreiðastöðinni.“

Fyrir dómi hafa ákærðu staðfest, að framanskráð sé rétt eftir þeim haft.

Hinir ákærðu hafa lagt fram sundurliðaða greinargerð á dskj. nr. 12 um útskipun Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f, á kísilgúr á tímabilinu 1. sept. til 29. des. 1985. Greinir þar, að skipað hafi verið út 9.167.078 tonnum (sic) á þessu tímabili, þar af 3.028.230 tn. (sic) í gámum, en 6.139.078 tonnum (sic) ekið á bílum að skipshlið.

Ákærði Hannes Höskuldsson kom fyrir dóm 26. nóv. sl. og skýrði svo frá, að flutningnum á kísilgúrnum sé þannig háttað, að hann hafi verið fluttur á tveimur vörubifreiðum Skipaafgreiðslunnar frá vöruskemmuni á Húsavík og að skipshlið til útskipunar í samræmi við verksamninginn. Hann sagði ennfremur, að Kísiliðjan h/f, í Skútustaðarheppi væri eigandi kísilgúrsins, sem fluttur hafi verið með bifreiðum Skipaafgreiðslunnar.

Skipaafgreiðslan sé þar flutningsaðili í stærri verkþætti. Akstur sá, sem skipaafgreiðsla sér um úr vöruskemmuni að skipshlið sé eingöngu akstur á kísilgúr og sé vegalengdin ca. 150-200 m.

Þá upplýsti hann, að ekki væri allur kísilgúrin fluttur með bifreiðum, heldur hefði ca. $\frac{1}{3}$, verið fluttur með gámum og að þeim flutningi á 3028 tonnum, sem talinn er gámaflutningur í greinargerðinni á dskj. nr. 12, hafi verið hagað þannig að kísilgúrin var fluttur frá vöruskemmuni í gámana, sem stóðu á bryggjunni, ýmist með bifreiðum eða lyfturum. Ákærði skýrði ennfremur frá því, að Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f, væri umboðsaðili fyrir Hafskip h/f og einnig fyrir Eimskipafélag Íslands h/f frá $\frac{1}{2}$ 1985 og flytti fyrirtækið vörur fyrir þessi skipafélög með sínum eigin bílum og lyfturum.

Ákærði Árni Grétar Gunnarsson staðfesti fyrir dómi, að Kísiliðjan h/f væri eigandi kísilgúrsins, sem fluttur hafi verið með bifreiðum Skipaafgreiðslunnar frá vöruskemmuni að skipshlið.

Nánar skýrði ákærði svo frá, að kísilgúrin væri fluttur með bílum og lyftara, en að meiri hluta með bifreiðum á tímabilinu 1. september til 31. desember 1984.

Þá skýrði ákærði frá því, að starfsemi Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f takmarkist ekki við efndir á verksamningnum við Kísiliðjuna h/f. Fyrirtækið hefði umboð fyrir Hafskip h/f og fyrir Eimskipafélag Íslands h/f frá 1. febr. 1985 og annaðist flutning við upp- og útskipun og geymslu á þeim vörum, sem koma með skipum þessara skipafélaga, og voru vör-

urnar ýmist fluttar með lyfturum, gámalyftara og bifreiðum. Taldi ákærði, að starfsemi fyrirtækisins ætti sér beina hliðstæðu við vöruafgreiðslu skipafélaganna og umboðsmanna þeirra víða um land, þótt sér væri ekki kunnugt um, að umboðsmenn skipafélaganna ættu bíla, sem þeir notuðu við hliðstæða flutninga.

Ákærði sagði, að Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f hefði fengið 1 til 2 bíla frá Bifreiðastöð Húsavíkur til flutninga á kísilgúr á tímabilinu 1. til 25. september 1984, en eftir það hefði ekki verið óskað eftir bifreiðum frá stöðinni, þar sem Skipaafgreiðslan hefði getað annað verkefninu með eigin bifreiðum.

Ákærði sagði, að bifreiðar skipaafgreiðslunnar, Þ-1392 og Þ-1394, sem notaðar voru við flutningana, væru með palli, en án sturtu.

Vitnið Hákon Björnsson, framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar h/f staðfesti fyrir dómi, að Kísiliðjan h/f hafi verið eigandi kísilgúrsins, þar til hann var kominn í krók eða lyftu skips.

Þá var vitnið spurt, hvernig hafi verið háttað akstri á kísilgúr frá vöruskemmu Kísiliðjunnar h/f að skipshlið, áður en Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f tók að sér þessa flutninga 1. sept. 1984. Kvað vitnið flutninga þessa hafa farið þannig fram, að kallað hefði verið á bifreiðar frá Bifreiðastöð Húsavíkur til útskipunar, þegar á þurfti að halda. Ekki hafi verið neinn formlegur samningur um þetta milli Kísiliðjunnar h/f og Bifreiðastöðvar Húsavíkur.

Samkvæmt skráningarvottorðum Bifreiðæftirlits ríkisins eru bifreiðarnar Þ-1392 og Þ-1394 skrásettar sem vörubifreiðar með hlaspunga fyrir 10.435 kg og 12.500 kg.

Vitnið Jón Gestsson bifreiðæftirlitsmaður kom fyrir dóm og staðfesti framanskráð vottorð vera rétt, þ.e. að bifreiðarnar væru skrásettar sem vörubifreiðar. Þær væru með palli og til væri yfirbygging á a.m.k. annan bílinn. Síðast, þegar vitnið vissi til, hafi verið krókar aftan á vörupöllum til að festa við festivagna.

Við munnlegan málflutning lýsti sækjandi því yfir, að oftalið væri í ákæruskjali um flutningsmagn það á kísilgúr, sem Skipaafgreiðsla Húsavíkur h/f er talin hafa annast flutning á í september 1984 og bæri því að sýkna ákærðu vegna þessa hluta flutninganna, sem bifreiðastjórar frá Bifreiðastöð Húsavíkur fluttu á vörubifreiðum sínum í þeim mánuði enda var málið einnig reifað að því leyti í málflutningi.

Álit dómsins.

Í hinni tilvitnuðu 5. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar segir svo m.a.: „Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigenda stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í

kaupstöðum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vöru-bifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vöru-bifreiðum utan stöðva eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.“

Með tilvísun til skráningarvottorða Bifreiðaeftirlits ríkisins svo og með framburði Jóns Gestssonar bifreiðaeftirlitsmanns verður að telja að bifreiðarnar Þ-1392 og Þ-1394 séu vörubifreiðar í merkingu 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970.

Það fyrirkomulag á leiguakstri með vörubifreiðum, sem um ræðir í lög-unum, var í Húsavík í september-desember 1984 á félagssvæði Bílstjóra-félags Húsavíkur.

Ljóst er að eigendur vörubifreiðanna Þ-1392 og Þ-1394, sem önnuðust kísilgúrflutningana, voru ekki í félaginu og gerðu ekki bifeiðarnar út frá stöð félagsins í Húsavík.

Það er álit dómsins, að við setningu laga nr. 36/1970, sbr. fyrri lög um leigubifreiðar, hafi tilgangur laganna verið sá, að vernda atvinnuöryggi þeirra, sem stunda leiguakstur með vörubifreiðum. Með ákvæðinu í 2. mgr. 5. gr. laganna er öllum mönnum á þeim stöðum, þar sem viðkomandi vöru-bifreiðastöð er starfandi, óheimilt að stunda þennan akstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Verður því að telja, að það hafi verið brot á nefndri lagagrein, að flytja kísilgúr þann, sem í málinu greinir, með vörubifreiðum Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f.

Einkaréttur sá, sem felst í 2. mgr. 5. gr. laganna og reglugerð nr. 85/1961 til handa Bílstjórafélagi Húsavíkur, sem rekur Bifreiðastöð Húsavíkur, verður eigi skertur með verksamningi þeim frá 18. ágúst 1984, sem greindur er hér að framan, milli Kísiliðjunnar h/f og Skipaafgreiðslu Húsavíkur h/f.

Samkvæmt þessu verða ákærðu sakfelldir fyrir brot á 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 36/1970.

Með hliðsjón af 11. gr. laganna þykir refsing hvors hinna ákærðu hæfi-lega ákveðin kr. 5.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan kostnað sakar-innar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000,00 og málsvarnar-laun skipaðs verjanda síns kr. 6.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærði Árni Grétar Gunnarsson greiði kr. 5.000,00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Hannes Höskuldsson greiði kr. 5.000,00 í sekt til ríkissjóðs. Komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórarins V. Þórarinssonar lögfræðings, kr. 6.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. október 1985.

Nr. 102/1985. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ernu Benediktsdóttur

(Arnmundur Backman hrl.)

Brot gegn tolllögum. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað 17. apríl 1985 af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar og til upptöku á myndsegulbandstæki af gerðinni Mitsubishi. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 30. júlí 1985.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsíákvæða.

Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt í ríkissjóð, er greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 10 daga varðhaldi. Að kröfu ákæruvalds og með heimild í 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftir-